



### Vinnureglur um aðgengi forsjárlausra foreldra, stjúpfareldra eða annarra fjölskyldumeðlima að skráningarkerfum skóla, líkt og Mentor

Húnaskóli starfar samkvæmt þeirri grundvallarreglu að hagsmunir barna skuli ávallt vera í fyrirrúmi í allri framkvæmd er viðkemur starfsemi skólans. Það á jafnt við um innri starfsemi skólans sem og samskipti við aðila utan hans. Það er kappsími fyrir skólann að gæta þess að starfsemi hans og samskipti við nemendur, aðstandendur sem og stjórnvöld taki meðal annars mið af markmiðum laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og barnalaga, nr. 76/2003, um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar séu ákvarðanir um málefni þess og að stuðlað skuli alfarið að alhliða þroska þess og velferð.

Ákvarðanir skólans eru ávallt teknar með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og að sama skapi þess gætt að ákvarðanir séu ekki til þess fallnar að taka afstöðu til ágreinings foreldra er viðkemur forsjá eða annarra mála sem skólanum sé ekki stætt á að hafa skoðun á né feli það í sér inngrip eða hlutdrægni varðandi ágreining foreldra og aðstandenda.

Þegar beiðni berst skóla um aðgengi forsjárlausra foreldra, stjúpfareldra eða annarra fjölskyldumeðlima að skráningarkerfi, líkt og Mentor skal fylgja eftirfarandi:

#### Forsjárlaust foreldri:

- Beiðni um aðgang þarf að berast skriflega eða munnlega (skóli skráir þá móttöku beiðni hjá sér).
- Beiðni þarf að berast fyrir hvert og eitt barn (ef við á).
- Ekki þarf að liggja fyrir samþykki forsjárfareldris.
- Hægt er að skrá í nemendaspjaldi að um forsjárlaust foreldri sé að ræða.
- Skóli upplýsir forsjárfareldri um skráninguna.
- Foreldri fær aðgang að upplýsingum um barnið og byggir hann á á 2. mgr. 52. gr. barnalaga og takmarkist hann við upplýsingar um nám, námsmat og námsframvindu barna og nái ekki til annarra upplýsinga, svo sem um samskiptasögu þess aðila sem fer með forsjá barns.
- Foreldri er skráð á póstlista fyrir barnið (þann bekk sem barnið tilheyrir).
- Ef forsjárfareldri er ósátt með þessa ákvörðun má benda viðkomandi á að leita til sýslumannsins á Norðurlandi vestra, til að knýja á um takmörkun á upplýsingagjöf, sbr. 5. mgr. 52. gr. barnalaga.



- Það er ekki skólans að taka afstöðu í ágreiningsmálum foreldra. Skólinn mun þó leita frekari upplýsinga og leiðbeininga frá sýslumanninum á Norðurlandi vestra.
- Skóli getur hafnað beiðni á grundvelli 3. mgr. 52. gr. barnalaga.

### Stjúpforeldri:

- Beiðni um aðgang þarf að berast skriflega til skólans.
- Beiðni þarf að berast fyrir hvert og eitt barn (ef við á).
- Ekki skiptir máli hvort hvort annað eða báðir foreldrar hafi forræði, samþykki þarf að koma frá báðum (ef við á).
- Skólinn sér ekki um að útvega samþykki, það er í höndum þess sem sendir beiðnina.
- Ekki er þörf á að tímasetja aðgang.
- Foreldri getur afturkallað aðgang stjúpforeldris hvenær sem er og skal sú beiðni berast skólanum skriflega.
- Skóli getur hafnað beiðni á grundvelli 3. mgr. 52. gr. barnalaga.

### Aðrir fjölskyldumeðlimir (t.d. afi/amma):

- Beiðni um aðgang þarf að berast skriflega til skólans.
- Beiðni þarf að berast fyrir hvert og eitt barn (ef við á).
- Ekki skiptir máli hvort hvort annað eða báðir foreldrar hafi forræði, samþykki þarf að koma frá báðum (ef við á).
- Skólinn sér ekki um að útvega samþykki foreldra, það er í höndum þess sem sendir beiðnina.
- Í samþykki þurfa að koma fram tímamörk aðgangs, að hámarki 1 skólaár.
- Í samþykki þurfa að koma fram markmið/tilgangur aðgangsins
- Fjölskyldumeðlimur sem óskað er eftir aðgang fyrir þarf að undirrita samþykktarblaðið.
- Foreldrar geta afturkallað aðgang fjölskyldumeðlima hvenær sem er og skal sú beiðni berast skólanum skriflega.
- Skóli getur hafnað beiðni á grundvelli 3. mgr. 52. gr. barnalaga.

### Ef mál er í farsæld:

- Tengiliður leiðbeinir umsækjendum varðandi aðgangsbeiðnir, skráir hjá sér málsatvik.
- Málstjóri tekur málið upp í tengslum við stuðningsáætlun og ræðir í teyminu, ákvarðanir skráðar í fundargerð.
- Foreldrum bent á efni um samvinnu eftir skilnað  
<https://island.is/s/bofs/samvinna-eftir-skilnad>



Á næstu síðu er tillaga að samþykkiseyðublaði og skráningarblaði ef munnleg umsókn forsjárlauss foreldris berst.



### Umsókn um aðgengi fjölskyldumeðlims að Mentor

|                                            |                |
|--------------------------------------------|----------------|
| Nafn umsækjenda                            | Kt. umsækjanda |
| Nafn og kt. barns sem sótt er um aðgang að |                |

|                                       |                                      |
|---------------------------------------|--------------------------------------|
| Nafn þess sem sótt er um aðgang fyrir | Kt. þess sem sótt er um aðgang fyrir |
| Tengsl viðkomandi við barn            |                                      |
| Tímamörk aðgangs                      |                                      |
| Tilgangur og markmið aðgangs          |                                      |

|                              |                 |
|------------------------------|-----------------|
| Samþykki foreldris um aðgang | Staður og dags. |
| Samþykki foreldris um aðgang | Staður og dags. |

Undirritun þess sem sótt er um aðgang fyrir

---

|                                    |                                             |
|------------------------------------|---------------------------------------------|
| Staðfesting skóla á móttöku, dags. |                                             |
| Mál afgreitt, dags.                | Afgreiðsla (samþykkt/synjað (ástæða skráð)) |



|  |  |
|--|--|
|  |  |
|--|--|

### Umsókn um aðgengi forsjarlauss foreldris að Mentor

|                                                     |                                                    |
|-----------------------------------------------------|----------------------------------------------------|
| Nafn umsækjenda                                     | Kt. umsækjanda                                     |
| Nafn og kt. barns sem sótt er um aðgang að          |                                                    |
| Tengsl viðkomandi við barn                          |                                                    |
| Umsókn barst munnlega, dags. Skrá þarf móttökuaðila |                                                    |
| Mál afgreitt, dags.                                 | Afgreiðsla (samþykkt/synjað (ástæða skráð))        |
| Forsjárforeldri upplýst skriflega, dags.            | Skráning í Mentor (foreldri/forsjárlaust foreldri) |

Yfirlesið af persónuverndarfulltrúa Húnabyggðar (Ásgeir Örn Blöndal, lögmaður ) 10. júlí 2026